

Áætlun Íbúðalánasjóðs 2012

(um útlán, greiðslur og útgáfu íbúðabréfa)

Áætluð útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs árið 2012 til fjármögnunar nýrra útlána er 36–44 milljarðar króna að markaðsvirði en 24 – 29 milljarðar króna að nafnvirði.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði 23 – 31 milljarður króna á árinu 2012, sem er lækkun frá áætlunum ársins 2011. Þar af er gert ráð fyrir að leiguíbúðalán verði 2 – 3 milljarðar króna.

Útboð íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2012	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2012
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað m.v.)	9 - 11	11 - 13	7 - 9	9 - 11	36 - 44
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað n.v.)	6 - 7	7 - 9	5 - 6	6 - 7	24 - 29
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	5 - 7	7 - 9	6 - 8	5 - 7	23 - 31

Nokkur óvissa ríkir um útlána- og útgáfuáætlanir fyrir árið 2012 og nákvæmar tölur um áætluð útlán og útgáfu íbúðabréfa er því ekki hægt að gefa upp. Þannig geta einstaka tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni. Eins getur breyting orðið á áætlun 2012 tengt mögulegri útgáfu óverðtryggðs flokks íbúðabréfa.

Íbúðalánasjóður áætlar að greiða lánardrottnum sínum 71 – 79 milljarða króna árið 2012 og er stærstur hluti þeirra tilkominn vegna afborgana íbúðabréfa.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun 2012	1.Q	2.Q	3.Q	4.Q	Alls 2012
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	17 - 19	19 - 21	16 - 18	19 - 21	71 - 79

Tölur eru í milljörðum króna.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur.

Sjóðurinn mun fjármagna hluta fjárþarfar sinnar á árinu 2012 með sölu á markaðsverðbréfum í eigu sjóðsins og þá einna helst RIKS 30 0701. Gerir útgáfuáætlun sjóðsins ráð fyrir sölu markaðsverðbréfa að upphæð 7 - 9 milljarða króna.